

58 **Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um sölu tveggja kirkjujarða**
 30. apríl (Hvammskirkju). Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 12. febrúar þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum, hinn 22. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst leyfi til þess, að selja megi jarðirnar Hvalsá í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu og Saura í Laxárdalshreppi í Dalasýslu, er liggja undir Hvammskirkju í Dalaprófastsdæmi, hina fyrnefndu fyrir 1200 krónur og hina síðarnefndu fyrir 2100 kr., með því skilyrði, að kaupverð jarða þessara verði sett á vöxtu í söfnunarsjóði Íslands, sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign Hvammsprestakalls og beneficiarius njóti vaxta af, og að báðar jarðirnar eptirleidis skodist sem aðrar bændaegindir, að því er alla skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutadeigendum og frekari ráðstöfunar.

59 **Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um þingsályktun út af tillögum**
 11 maí **yfirskodunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1894 og 1895.** Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hing- að þingsályktun út af tillögum yfirskodunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1894 og 1895, samþykktu af báðum deildum alþingis, og er þingsályktun þessi þannig:

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um:

1. Að skemmd frímerki og brjefspjöld, er fylgja póstreikningnum árlega, verði eyðilögð, um leið og yfirskodun landsreikningsins er lokið.
2. Að landsreikningnum fylgi framvegis skýrsla um frímerkjabirgðir þær, sem geymdar eru á landshöfðingjaskrifstofunni.
3. Að hinir árlegu vegakostnaðarreikningar verði ljóst og skipulega samdir og endurskodaðir á tilhlýðilegan hátt.
4. Að andvirði fyrir seld vegabótaáhöld landssjóðs sje tilfært tekjumegin í landsreikningnum, en ekki dregið frá kostnaði til vegabóta.
5. Að landsreikningnum fylgi eptirleidis nákvæm skrá yfir vegabótaáhöld landssjóðs og skýrsla um vegagjörðir þær, sem framkvæmdar eru á ári hverju.
6. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum.
7. Að eign landssjóðs í aðalfjehirzlu ríkisins sje gerð arðberandi fyrir landssjóðinn.

Þjer hafið eigi talið neitt því til fyrirstöðu, að tillögurnar í fimm fyrstu tölulíðunum sjeu teknar til greina, en um 6. tölulíðinn hafið þjer skirskotað til brjefs yðar frá 23. oktbr. 1893, og brjefs ráðaneytisins frá 21. sept. 1894, og að því er snertir 7. tölulíðinn, hafið þjer skotið því atriði til úrskurðar míns, jafnframt því að geta þess, að eptir fjárlagafrumvarpi því, er síðasta alþingi samþykkti og staðfest var af konungi 6. nóvbr. f. á., muni að líkindum þurfa að halda á öllum peningaförða landssjóðs á þessu fjárhagstímabili.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður-